

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur fimmtudaginn 21. mars 2024

Mál nr. S-5656/2023:

Ákærvaldið

(Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Eliner Duro

(Gunnar Gíslason lögmaður)

Dómur

I.

Ákæra, dómkröfur og fleira:

Mál þetta, sem dómtekið var 5. mars 2024, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 5. september 2023, á hendur Eliner Duro, fæddum [...], búsettum [...], „fyrir eftirfarandi brot:

1. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...] 2021, í herbergi [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 108,08 g af maríhúana, 13,06 g af amfetamíni og 57 stykki af MDMA ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, sem lögregla fann við húsleit hjá ákærða og lagði hald á.

Mál nr. 007-2021- [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

2. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...] 2021, í herbergi [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 9,38 g af maríhúana og 10 stykki af MDMA ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, sem lögregla fann við húsleit hjá ákærða og lagði hald á.

Mál nr. 007-2021- [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

3. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...] 2021, er lögregla hafði afskipti af ákærða utandyra [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 7,19 g af maríhúana ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og lagði hald á.

Mál nr. 007-2021-[...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

4. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...] 2022, er lögregla hafði afskipti af ákærða í bifreiðinni [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 17,21 g af maríhúana ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og lagði hald á.

Mál nr. 007-2022-[...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

5. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...] 2022, er lögregla hafði afskipti af ákærða utandyra [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 0,97 g af kókaíni og 12,99 g af maríhúana ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og lagði hald á.

Mál nr. 007-2022-[...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

6. Útlendingalagabrot með því að hafa, á tímabilinu [...] 2021 til [...] 2022, ítrekað brotið gegn skyldu sinni til að tilkynna sig á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113 í Reykjavík samkvæmt ákvörðunum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. [...] 2021, [...] 2022 og [...] 2022, birtum ákærða greinda daga.

Mál nr. 007-2022-[...]

Telst brot þetta varða við c. lið 1. mgr. 114. gr., sbr. a. lið 1. mgr. 116. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

7. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...] 2023, er lögregla hafði afskipti af ákærða utandyra [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 25,15 g af maríhúana ætluðu til sölundreifingar í ágóðaskyni, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og lagði hald á.

Mál nr. 007-2023-[...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

8. Útlendingalagabrot með því að hafa, á tímabilinu [...] 2020 til [...] 2023, dvalið í heimildarleysi hér á landi án dvalarleyfis, en ákærði fór huldu höfði hér á landi í kjölfar ákvörðunar Útlendingastofnunar [...] 2021, þar sem honum var tilkynnt um brottvísun og endurkomubann fyrir ólögmeta dvöl hér á landi.

Mál nr. 007-2022-[...]

Telst brot þetta varða við 2. málslíð 1. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr., sbr. a. lið 1. mgr. 116. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á samtals 180,72 g af maríhúana, 13,06 g af amfetamíni, 0,97 g af kókaíni og 67 stykki af MDMA (efnaskrár lögreglu nr. 45931, 45949, 46015, 47367 og 50458, 50706) sem hald var lagt á, skv. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum. Einnig er krafist upptöku á 14 farsímum (munaskrá lögreglu nr. 153152, 153501, 153260 og 172505) og grammavog (munaskrá lögreglu nr. 153261), sem lögregla lagði hald á, skv. heimild í 7. mgr. 5. gr. sömu laga og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum, sbr. og 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en munirnir voru notaðir eða ætlaðir til ólögmeðferðar haldlagðra ávana- og fíkniefna. Einnig er krafist upptöku á samtals 481.500 krónum, sem hald var lagt á (munaskrár lögreglu nr. 153151, 153259, 153502, 171293 og 172502), skv. 7. mgr. 5. gr. fíkniefnalaga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 69. gr. b. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940, en fjármunirnir eru ætlaður ágóði ákærðu af sölu ólöglegra ávana- og fíkniefna.“

Ákæra var birt í Lögbirtingablaði 13. október 2023 og málið var þingfest 23. nóvember sama ár. Endanleg afstaða ákærða til ákæru, sbr. aðilaskýrslu við aðalmeðferð, er með þeim hætti að hann játar sök samkvæmt 1. ákærulið og hann játar sök að hluta samkvæmt 2., 3., 4., 5. og 7. ákærulið. Ákærði neitar hins vegar sök samkvæmt 6. og 8. ákærulið. Ákærði samþykkir upptökukröfu á fíkniefnum, 14 farsímum og grammavog, sem lagt var hald á en mótmælir að mestu leyti kröfu um upptöku á haldlögðum peningum.

Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru og að gæsluvarðhaldstími komi til frádráttar refsingu. Varðandi 1. ákærulið gerir ákærði kröfu um að honum verði gert að sæta vægustu refsingu sem lög leyfa. Varðandi 2. og 3. ákærulið gerir ákærði aðallega kröfu um sýknu af kröfu um refsingu vegna söludreifingar fíkniefna í ágóðaskyni og að því frágengnu að hann verði sýknaður af ákæru um vörslur fíkniefna. Til vara krefst hann þess að hann sæti sekt fyrir vörslur fíkniefna og til þrautavara að honum verði gert að sæta vægustu refsingu sem lög leyfa. Varðandi 4., 5. og 7. ákærulið gerir ákærði aðallega kröfu um sýknu af refsikröfu vegna söludreifingar fíkniefna í ágóðaskyni og að því frágengnu að hann sæti sekt fyrir vörslur fíkniefna. Til vara krefst hann þess að honum verði gert að sæta vægustu refsingu sem lög leyfa. Varðandi 6. ákærulið gerir ákærði aðallega kröfu um sýknu af refsikröfu en til vara að honum verði gert að sæta vægustu refsingu sem lög leyfa. Varðandi 8. ákærulið krefst ákærði sýknu af kröfu ákæruvaldsins um refsingu en til vara að honum verði gert að sæta vægustu refsingu sem lög leyfa. Ákærði krefst þess aðallega að kröfu um upptöku á 481.500 krónum verði hafnað, til vara að kröfu um upptöku á 441.500 krónum verði hafnað og til þrautavara að dómurinn meti hlutfall upptöku fjármuna til samræmis við úrslit málsins. Þessu til viðbótar krefst ákærði þess að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði að mestu leyti til samræmis við úrslit málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda samkvæmt tímaskýrslu, auk þóknunar fyrri tilnefnds verjanda á rannsóknarstigi að mati dómsins.

II.

Málavextir:

1.

Um 1. ákærulið:

Samkvæmt frumskýrslu voru höfð afskipti af ákærða seint að kvöldi [...] 2021 í herbergi á gistiheimili á þeim stað sem greinir í ákæru. Tilefni afskiptanna var upplýsingar sem

höfðu borist lögreglu áður um að þar færi fram sala og dreifing fíkniefna. Að sögn lögreglu var sterk kannabislykt í herberginu þegar lögregla kom á staðinn. Ákærði heimilaði leit í herberginu og fundust ætluð fíkniefni, níu farsímar og 200.000 krónur í reiðufé sem lagt var hald á. Ákærði var handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar voru hin haldlögðu fíkniefni þeirrar tegundar og í því magni sem greinir í ákæru. Fíkniefnunum var pakkað í litla smelluláspoka. Samkvæmt ljósmyndaskýrslu reyndist vera myndefni og skilaboð í haldlögðu símunum og það renndi stoðum undir grun lögreglu um meinta fíkniefnasölu. Ákærði gaf skýrslu næsta dag með réttarstöðu sakbornings og játaði vörslur kannabisefna sem hann sagði að hluta til eigin neyslu og að hluta til sölu og dreifingar. Ákærði kvaðst hins vegar ekki kannast við önnur haldlögð fíkniefni eða hann kvaðst kannast við að hafa fengið hluta af þeim eignum í skiptum fyrir kannabisefni. Kannaðist ákærði að nokkru marki við sölu og dreifingu kannabisefna og að hann hefði auglýst efnin til sölu á Telegram og gefið upp símanúmer hjá sér. Þá kannaðist ákærði að nokkru marki við Telegram-auglýsingar um fíkniefnasölu sem bornar voru undir hann við skýrslutökuna. Einnig kannaðist ákærði við að haldlagðir símar sem voru í fórum hans hefðu verið notaðir í tengslum við fíkniefnasöluna. Greindi ákærði meðal annars frá því að hann hefði verið orðinn peningalaus eftir dvöl hér á landi um nokkurn tíma og hann hefði því gripið til þess ráðs að selja fíkniefni. Hvað varðaði hina haldlögðu peninga greindi ákærði frá því að um helmingur þeirra fjármuna hefði komið til vegna fíkniefnasölu en að öðru leyti hefði verið um að ræða fjármuni sem hann átti fyrir.

2.

Um 2. ákærulið:

Samkvæmt frumskýrslu var lögregla [...] 2021 að fylgjast með mannaferðum við [...] vegna framkominnar ábendingar um að þar færi fram sala og dreifing fíkniefna. Að sögn lögreglu sást til grunsamlegs karlmanns koma úr húsnæðinu og hljóp hann frá lögreglumönnum þegar þeir gáfu sig á tal við hann. Var honum veitt eftirför og óhlýðnaðist hann fyrirmælum um að nema staðar. Var maðurinn handtekinn stuttu síðar og reyndist hann vera ákærði. Ákærði veitt lögreglu heimild til að leita í herbergi sem hann var með til umráða í fyrrgreindu húsnæði. Við leitina fundust kannabisefni, rauðar töflur í smelluláspokum og grammavog sem lagt var hald á. Að auki fundust í jakkavasa ákærða 135.000 krónur í peningum sem einnig var lagt hald á, auk þriggja farsíma sem hann var með í fórum sínum. Ákærði gaf skýrslu síðar sama dag með réttarstöðu sakbornings og játaði vörslur fíkniefna sem hann sagði til eigin neyslu en ekki til sölu og dreifingar. Kvaðst hann hafa fundið fíkniefnin og greindi frá því að uppruni haldlagðra peninga skýrðist af millifærslu fjármuna til hans frá ættingjum [...]. Kvaðst hann hafa orðið hræddur þegar lögregla reyndi að ná tali af honum og hann hefði því hlaupið á

brott. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar voru hin haldlögðu fíkniefni þeirrar tegundar og í því magni sem greinir í ákæru. Samkvæmt ljósmyndaskýrslu reyndist vera myndefni og skilaboð í haldlögðu símunum sem renndi stoðum undir grun lögreglu um meinta fíkniefnasölu.

3.

Um 3. ákærulið:

Samkvæmt frumskýrslu áttu tveir lögreglumenn leið um [...] 2021 þegar þeir urðu varir við tvo grunsamlega menn og ætlaða sölu á fíkniefnum. Voru höfð afskipti af öðrum mannanna stuttu síðar [...] og reyndist sá maður vera ákærði. Fundust fíkniefni við leit á honum og var um að ræða kannabisefni í fimm smelluláspokum sem lagt var hald á. Ákærði sagði efnin ætluð til eigin neyslu og var hann handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Þá lagði lögregla hald á farsíma sem hann var með í fórum sínum, auk tveggja símkorta. Einnig var lagt hald á 20.000 krónur í reiðufé sem ákærði var með á sér í veski. Við athugun á Telegram-samskiptaforriti reyndust vera auglýsingar um sölu fíkniefna þar sem símanúmer ákærða var gefið upp. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar voru hin haldlögðu fíkniefni þeirrar tegundar og í því magni sem greinir í ákæru. Ákærði gaf skýrslu daginn eftir með réttarstöðu sakbornings og gaf sömu skýringar og áður greinir á efnunum. Bar ákærði af sér allar sakir um sölu fíkniefna, þar á meðal í aðdraganda þess að hann var handtekinn. Þá sagði hann peningana ekki tengjast fíkniefnaviðskiptum. Kvaðst ákærði ekki vera með Telegram og greindi hann frá því að símanúmer sem lögregla vísaði til tilheyrðu öðrum og eldri símunum sem áður tilheyrðu honum.

4.

Um 4. ákærulið:

Samkvæmt frumskýrslu voru höfð afskipti af ákærða [...] í bifreið [...]. Tilefni afskiptanna var tilkynning sem barst stuttu áður frá lögreglumanni á frívakt sem kvaðst hafa séð ökumann bifreiðarinnar vera að selja fíkniefni [...]. Að sögn lögreglu var mikil kannabislykt í bifreiðinni og heimilaði ákærði ekki leit í henni. Var ákærði handtekinn og færður á lögreglustöð. Þá var bifreiðin haldlögð og flutt á lögreglustöð í Kópavogi. Að sögn lögreglu voru fíkniefni sjáanleg í aftursæti bifreiðarinnar þegar verið var að ganga frá henni. Efnin voru haldlögð og samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar voru þau þeirrar tegundar og í því magni sem greinir í ákæru. Ákærði gaf skýrslu daginn eftir með réttarstöðu sakbornings og kvaðst hvorki kannast við fíkniefnin né heldur að hann notaði fíkniefni. Greindi hann meðal annars frá því að bifreiðin væri bílaleigubifreið sem hann hefði fengið að láni frá öðrum manni og notað til ferðalaga um landið.

5.

Um 5. ákærulið:

Samkvæmt frumskýrslu áttu tveir lögreglumenn leið um [...] um miðnætti [...] 2022 þegar þeir urðu varir við tvo grunsamlega menn og ætlaða sölu á fíkniefnum. Voru báðir mennirnir handteknir og reyndist annar þeirra vera ákærði. Ákærði var með fíkniefni í fórum sínum sem fundust við leit á honum og virtust vera kannabisefni í smelluláspokum. Þá var ákærði með 6.000 krónur í reiðufé á sér sem lagt var hald á. Hinn maðurinn sem var með honum reyndist einnig vera með fíkniefni í fórum sínum og greindi hann frá því að hafa keypt þau af ákærða stuttu fyrir handtöku. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar voru efnin þeirrar tegundar og í því magni sem greinir í ákæru. Ákærði gaf skýrslu síðar sama dag með réttarstöðu sakbornings og játaði vörslur fíkniefna sem hann sagði til eigin neyslu en ekki til sölu og dreifingar. Ákærði kannaðist ekki við að hafa verið að selja fyrrgreindum manni fíkniefni en þeir hefðu verið að neyta saman fíkniefna. Þá sagði hann fyrrgreinda peninga ekki tengjast fíkniefnaviðskiptum.

6.

Um 7. ákærulið:

Samkvæmt frumskýrslu stöðvaði lögregla för ákærða [...] 2023 þar sem hann var á gangi [...]. Að sögn lögreglu var áberandi kannabislykt af manninum og var hann handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Reyndist maðurinn vera ákærði. Við leit á ákærða fundust ætluð kannabisefni í 17 smelluláspokum, auk 120.500 króna í reiðufé. Var lagt hald á efnin og peningana. Einnig var lagt hald á farsíma, auk tveggja símkorta. Að sögn lögreglu leiddi athugun á Telegram í ljós að símanúmerin sem ákærði var með í fórum sínum virtust gefin upp í auglýsingum um sölu fíkniefna. Þá var ákærði að sögn lögreglu óskýr og tvísaga í samskiptum við lögreglu. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar voru hin haldlögðu fíkniefni þeirrar tegundar og í því magni sem greinir í ákæru. Samkvæmt ljósmyndaskýrslu reyndust vera skilaboð í haldlögðum síma sem renndu stoðum undir grun lögreglu um meinta fíkniefnasölu. Ákærði gaf skýrslu síðar sama dag með réttarstöðu sakbornings og kannaðist við að vera notandi símanúmera sem hann var með á sér en hann virtist ekki geta útskýrt fyrrgreindar auglýsingar. Ákærði gekkst við vörslum fíkniefnanna og sagði þau til eigin nota en ekki til sölu og dreifingar. Þá greindi ákærði meðal annars frá því að peningarnir sem hann var með í fórum sínum hefðu komið frá ættingjum, auk þess sem hann hefði fengið lánaða peninga frá öðrum.

7.

Um 6. og 8. ákærulið:

Við rannsókn lögreglu [...] 2021 á sakarefni samkvæmt 1. ákærulið, sbr. kafla II/1, kom í ljós að vegabréf ákærða var með áritun um að hann hefði komið inn á Schengen-svæðið

[...] 2020. Þá kom fram við skýrslutöku af ákærða vegna sömu rannsóknar að hann hefði dvalið hér á landi í samfleytt meira en þrjá mánuði frá því [...] 2020 og hann hefði hagað dvöl sinni á Schengen-svæðinu með nánar tilgreindum hætti. Leiddi þetta til þess að Útlendingastofnun hóf meðferð stjórnslumáls 9. maí 2021 þar sem fjallað var um meinta ólögmæta dvöl hans hér á landi með tilliti til mögulegrar brottvísunar og endurkomubanns. Lauk stjórnslumálinu með ákvörðun Útlendingastofnunar [...] 2021 þar sem ákærða var vísað brott frá landinu á grundvelli a-liðar 1. mgr. 98. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga. Jafnframt var ákærða gert að sæta tveggja ára endurkomubanni. Ákvörðunin var birt fyrir ákærða 2. janúar 2022 samhliða skýrslugjöf vegna rannsóknar á sakarefni samkvæmt 4. ákærulið, sbr. kafla II/4. Ákvörðunin var endanleg á stjórnslustigi þar sem hún var ekki kærð til kærunefndar útlendingamála.

Samhliða fyrrgreindri málsmeðferð hjá Útlendingastofnun var ákærða með ákvörðunum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu [...] 2021, [...] 2022 og [...] sama ár meðal annars gert að tilkynna sig á lögreglustöð með nánar tilgreindum hætti samkvæmt c-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016. Ákvarðanirnar voru, hver fyrir sig, birtar fyrir ákærða sama dag og þær voru teknar og var hverri þeirra fyrir sig ætlað að gilda í einn mánuð. Að sögn lögreglu hætti ákærði að sinna tilkynningarskyldu sem var í gildi á tímabilinu frá [...] 2021 til [...] sama ár þegar hann átti eftir að tilkynna sig í átta skipti. Hvað varðar tilkynningarskyldu sem var í gildi frá [...] 2022 til [...] sama mánaðar hætti ákærði, að sögn lögreglu, að sinna þeirri skyldu eftir aðeins tvö skipti, frá [...] sama mánaðar. Hvað varðar þriðju tilkynningarskylduna, með gildistíma frá [...] 2022 til [...] sama ár, sinnti ákærði frá upphafi ekki þeirri skyldu að sögn lögreglu.

Að sögn lögreglu dvaldist ákærði, og þrátt fyrir allt framangreint, áfram í heimildarleysi í landinu án dvalarleyfis. Við skýrslutöku af ákærða [...] 2022 í tengslum við rannsókn á sakarefni samkvæmt 5. ákærulið, sbr. kafla II/5, kannaðist ákærði við að hafa ekki yfirgefið Schengen-svæðið og að hann hefði ekki sinnt tilkynningarskyldu. Þá kvaðst hann hafa verið hér á landi allan tímann, þar með talið eftir að honum var birt fyrrgreind ákvörðun um brottvísun og endurkomubann. Ákærði var handtekinn [...] 2023 í tengslum við rannsókn á sakarefni samkvæmt 7. ákærulið, sbr. kafla II/6. Þá var honum í framhaldi gert að sæta gæsluvarðhaldi til 20. sama mánaðar á grundvelli útlendingalaga í því skyni að fullnusta fyrrgreinda brottvísun, sbr. úrskurð Landsréttar í máli nr. 29/2023.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Um 1. ákærulið og upptökukröfu:

Ákærði gaf skýrslu í fjarfundarbúnaði og kvaðst játa vörslur fíkniefna samkvæmt 1. ákærulið, þar á meðal að efnin hefðu verið ætluð til sölu og dreifingar. Í skýrslu hans kom meðal annars fram að hann hefði verið að selja fíkniefni á þeim tíma þegar lögregla gerð leit á dvalarstað hans [...]. Ákærði kvaðst hafa verið atvinnulaus á þeim tíma og verið að afla sér tekna með fíkniefnasölu. Aðstæður hans hefðu verið erfiðar þar sem honum hefði ekki verið unnt að fara frá landinu [...] vegna Covid-ferðatakmarkana. Hvað varðaði haldlagða peninga, 200.000 krónur, greindi ákærði frá því að lítill hluti þeirra peninga, eða um 20%, væri ágóði fíkniefnasölu. Að öðru leyti skýrðist uppruninn af svartri vinnu hér á landi. Þá hefði hann upphaflega komið með 5.000 evrur með sér til landsins og notað þá fjármuni til að kaupa íslenskar krónur af vini sínum hér á landi. Hluti þeirra fjármuna hefði verið meðal hinna haldlögðu peninga.

Um 2. ákærulið:

Ákærði kvaðst játa vörslur fíkniefna samkvæmt 2. ákærulið en efnin hefðu verið ætluð til eigin nota. Í skýrslu hans kom meðal annars fram að hann hefði verið hættur að selja fíkniefni á þeim tíma sem um ræðir. Hann hefði verið mjög háður neyslu á maríjúana, auk þess sem hann hefði verið í neyslu á kókaíni og MDMA. Þá vísaði ákærði til þess að magn þeirra efna sem hann var með í fórum sínum umræddan dag hefði verið óverulegt og gæti ekki samrýmst því að hafa verið ætlað til sölu og dreifingar. Ákærði kvaðst hafa fengið farsíma gefins frá vini sínum og ekki vita hvaða gögn voru í símanum. Þá kvaðst hann ekki kannast við Telegram-forrit í símanum. Í símanum hefðu verið upplýsingar á íslensku sem hann skildi ekki og hann hefði notað símann til að tala við ættingja. Ákærði kvaðst hafa hætt að selja fíkniefni eftir að hafa verið tekinn nokkrum dögum áður með fíkniefni í fórum sínum [...], sbr. 1. ákærulið. Hann hefði starfað svart við byggingarvinnu og þrif. Þá hefðu haldlagðir peningar, 135.000 krónur, sem hann var með í fórum sínum verið fjármunir sem voru millifærðir til hans frá ættingjum erlendis. Ákærði kvaðst hins vegar ekki geta framvísað kvittun fyrir þeirri millifærslu.

Um 3. ákærulið:

Ákærði kvaðst játa vörslur fíkniefna samkvæmt 3. ákærulið en efnin hefðu verið ætluð til eigin nota. Í skýrslu hans kom meðal annars fram að hann hefði keypt efnin hér á landi í fimm smelluláspokum. Haldlagðir peningar, 20.000 krónur, hefðu ekki verið ágóði fíkniefnasölu. Þá kvaðst hann ekki kannast við símanúmerin [...] og [...], sbr. lög-regluskýrslu um auglýsingu á Telegram um sölu fíkniefna. Um hefði verið að ræða síma sem tilheyrðu vini hans.

Um 4. ákærulið:

Ákærði kvaðst játa vörslur fíkniefna samkvæmt 4. ákærulið en efnin hefðu verið ætluð til eigin nota. Í skýrslu ákærða kom meðal annars fram að hann hefði verið í bílaleigu-bifreið á leið í verslun þegar lögregla hafði afskipti af honum. Hann hefði sætt mismunun vegna þjóðernis sem leiddi til þess að hann var handtekinn og færður á lögreglustöð. Lögregla hefði tjáð ákærða eftir á að fíkniefni hefðu fundist í bifreiðinni en hann hefði verið í mikilli neyslu á þeim tíma.

Um 5. ákærulið:

Ákærði kvaðst játa vörslur fíkniefna samkvæmt 5. ákærulið en efnin hefðu verið ætluð til eigin nota. Í skýrslu hans kom meðal annars fram að hann hefði á þeim tíma sem um ræðir verið hættur sölu fíkniefna, eins og áður greinir. Lögregla hefði í umrætt skipti haft afskipti af ákærða þegar hann var staddur utandyra að reykja sígarettur ásamt íslenskum manni sem hann kannaðist við. Frekar spurður kvaðst ákærði ekki vita nafn mannsins en hann hefði hitt hann tvisvar áður á skemmtistað. Þeir hefðu ekki talað mikið saman út af tungumálaörðugleikum. Haldlagðir peningar, 6.000 krónur, sem fundust í úlpuvasa ákærða umrætt skipti, hefðu ekki verið tilkomnir af fíkniefnasölu. Peninganna hefði ákærði aflað með svartri vinnu eða fengið þá senda frá ættingja.

Um 6. og 8. ákærulið og dvöl ákærða á Íslandi:

Ákærði kvaðst hafa komið til landsins [...] sem ferðamaður og hafa í lengst hér á landi. Vinur ákærða hefði framan af tímabilinu verið með honum á Íslandi. Þá hefði ákærði jafnan gætt þess að vera aldrei lengur en 90 daga í hvert skipti hér á landi en þess á milli farið [...]. Á þessu hefði hins vegar orðið röskun vegna almennra ferðatakmarkana sem voru í gildi [...] út af Covid-heimsfaraldri. Kvaðst ákærði til að mynda hafa farið [...] 2021, sbr. lögregluskýrslu um samskipti við lögreglumenn þann dag á Keflavíkurflugvelli. Þá hefði hann sent Útlendingastofnun tölvupóst 31. maí 2021 og upplýst um veru sína [...] á þeim tíma, auk þess að senda stofnuninni afrit af [...] lögregluskýrslu því til staðfestingar. Þá hefði hann komið til Íslands nokkru síðar en hann kvaðst ekki muna hvenær það var. Ákærði kvaðst að nokkru marki kannast við að hafa verið látinn sæta tilkynningarskyldu gagnvart lögreglu á árinu 2021 og 2022, eins og greinir í 6. ákærulið. Hann hefði í fyrstu sinnt þeirri skyldu en ekki skilið eða fengið nægjanlegar leiðbeiningar um hvernig eða hversu lengi hann ætti að tilkynna sig. Skjöl hefðu verið á íslensku eða ensku sem ákærði hefði ekki skilið. Ákærði hefði óskað eftir því að fá skjölin á [...] en lögregla hefði ekki orðið við því. Þá hefði maður sem túlkaði á [...] fyrir lögreglu á þeim tíma verið frá [...] og talað mállýsku sem ákærði hefði ekki skilið nægjanlega vel. Ákærði kvaðst kannast við að hafa 2. janúar 2022 verið birt ákvörðun Útlendingastofnunar en hann kvaðst ekki muna hvort túlkur var viðstaddur. Ákærði hefði í framhaldi af birtingu ákvörðunarinnar farið af landi brott en hann kvaðst

ekki muna hvenær það var. Þá kvaðst ákærði kannast við að hafa verið færður af landi brott á árinu 2023 í fylgd lögreglu.

Um 7. ákærulið:

Ákærði kvaðst játa vörslur fíkniefna samkvæmt 7. ákærulið en efnin hefðu verið ætluð til eigin nota. Í skýrslu ákærða kom meðal annars fram að hann myndi ekki vel eftir umræddum atvikum þar sem hann hefði verið undir áhrifum áfengis. Peningar sem lagt var hald á, 120.500 krónur, hefðu ekki verið ágóði fíkniefnasölu. Ákærði hefði á þeim tíma sem um ræðir verið hættur sölu fíkniefna og hann aflað sér peninga með svartri vinnu, eins og áður greinir. Einnig hefði hann fengið senda peninga frá ættingjum [...]. Ákærði kvaðst ekki muna eftir eða geta útskýrt símanúmerin [...] og [...] og ekki kannast við auglýsingar um sölu fíkniefna þar sem hið síðarnefnda símanúmer var gefið upp. Um hefði verið að ræða síma sem hann fékk frá vini sínum degi áður en hann var handtekinn. Frekar spurður kvaðst ákærði ekki geta útskýrt eða kannast við framburð sinn hjá lögreglu þar sem hann kannaðist við fyrrgreind símanúmer og að hann hefði fengið umræddan síma hjá vini sínum tíu dögum áður. Frekar spurður greindi ákærði frá því að hann hefði yfirleitt gengið með reiðufé á sér þar sem hann hefði ekki verið með kennitölu og bankareikning hér á landi. Þá hefði hann jafnan verið með síma sem hann fékk frá öðrum þar sem hann hefði ekki séð tilgang í því að kaupa síma. Lögregla hefði jafnan haft afskipti af honum og komið illa fram við hann út af þjóðerni og jafnframt tekið af honum síma og fjármuni.

2.

Um 2. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [1], greindi meðal annars frá því að hafa séð ákærða koma út úr húsi [...] sem lögregla var að fylgjast með. Ákærði hefði hlaupið á brott þegar hann varð var við lögreglu. Honum hefði verið veitt eftirför og hann fundist stuttu síðar í nálægum garði. Vitnið hefði borið kennsl á ákærða vegna sögu hans hjá lögreglu. Ákærði hefði verið með lykla í vasanum og þeir gengið að herbergi í fyrrgreindu húsi. Í herberginu hefðu fundist fíkniefni sem lagt var hald á. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hann ræddi við ákærða eða hvort hann gaf skýringar á efnunum. Samskipti lögreglu við ákærða hefðu verið á bjagaðri ensku með aðstoð þýðingarforrits. Ákærði hefði verið með sögu hjá lögreglu vegna gruns um meinta sölu og dreifingu fíkniefna. Þá hefði ákærði í umrætt skipti verið með þrjá farsíma í fórum sínum, auk peninga og fíkniefna sem lagt var hald á.

3.

Um 2. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [2], gaf skýrslu í fjarfundarbúnaði og staðfesti frumskýrslu og greindi meðal annars frá því að hafa umræddan dag verið við eftirlit með húsnæði á þeim stað sem greinir í ákæru. Tilefnið hefði verið upplýsingar sem höfðu borist lögreglu um ætlaða sölu fíkniefna sem þar færi fram. Lögregla hefði séð ákærða koma úr húsnæðinu og hlaupa á brott þegar hann varð var við lögreglu. Honum hefði verið veitt eftirför og lögregla hefði um tíma misst sjónar af honum en fundið hann um 15 mínútum síðar þar sem hann var í felum í nálægum bakgarði. Hann hefði verið handtekinn og verið skilríkjalaus. Lögregla hefði fylgt ákærða í herbergi í fyrrgreindu húsnæði til að nálgast skilríki. Þegar þangað var komið hefði ákærði upplýst að skilríkin væru í vörslu lögreglu. Tungumálaerfiðleikar hefðu truflað samskiptin. Ákærði hefði veitt lögreglu heimild til að gera leit í herberginu. Það hefði leitt til þess að lögregla lagði hald á fíkniefni, reiðufé og grammavog sem reyndist allt geymt í herberginu, auk farsíma sem ákærði var með á sér.

4.

Um 3. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [3], gaf skýrslu í fjarfundarbúnaði og staðfesti frumskýrslu og greindi meðal annars frá því að hafa verið í lögreglubifreið [...] og séð til tveggja manna sem hefðu virst vera í fíkniefnaviðskiptum. Vitnið og annar lögreglumaður hefðu gefið sig á tal við annan mannanna, ákærða, en hinn maðurinn hefði komist burt. Fíkniefni hefðu fundist við leit á ákærða, auk peninga og farsíma sem lagt var hald á. Ákærði hefði verið handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Ákærði hefði gengist við vörslum fíkniefna en ekki kannast við að hafa verið að selja fíkniefni. Hann hefði hins vegar kannast við að hafa verið í samskiptum við manninn sem komst burt. Hin haldlögðu fíkniefni hefðu verið í smelluláspokum og magnið verið meira en gæti samrýmst því að vera einn neysluskammtur. Ákærði hefði kannast við að eiga hinn haldlagða síma. Þá hefði hann verið með tvö símkort á sér. Lögregla hefði athugað með símanúmer á símkortunum og annað númeranna verið tilgreint í auglýsingu á Telegram um sölu fíkniefna. Samskipti við ákærða hefðu farið fram á ensku og hann hefði framan af virst skilja það sem fram fór en eftir því sem leið á samskiptin hefði það breyst til hins verra.

5.

Um 4. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [4], greindi meðal annars frá því að hafa verið á frívakt og átt leið um [...] og tekið eftir grunsamlegri bifreið sem var kyrrstæð við [...]. Vitnið hefði fylgst með og séð mann sitja í bifreiðinni og vera í símanum. Þá hefði annar maður komið stuttu síðar að bifreiðinni og tekið í höndina á öikumanninum. Atvikin hefðu borið það

með sér að vera fíkniefnasala, eins og þau horfðu við vitninu. Vitnið hefði hringt í lögreglu og meðal annars veitt upplýsingar um skráningarnúmer bifreiðarinnar, auk þess sem vitnið hefði um tíma fylgt henni eftir [...]. Vitnið hefði að öðru leyti ekki komið að málinu.

6.

Um 4. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [5], staðfesti frumskýrslu og gerði grein fyrir aðkomu sinni að rannsókn málsins. Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að tilkynning hefði borist frá lögreglumanni á frívakt um ætlaða sölu á fíkniefnum úr nánar tilgreindri bifreið. Vitnið hefði haft afskipti af ákærða í bifreiðinni síðar sama dag á þeim stað sem greinir í ákæru. Mikil kannabislykt hefði verið í bifreiðinni. Ákærði hefði verið handtekinn og færður á lögreglustöð þar sem hann gat ekki sýnt fram á löglega dvöl í landinu. Tungumálaörðugleikar hefðu verið í samskiptum við hann. Þá hefðu kannabisefni fundist við leit í bifreiðinni en efnin hefðu verið sýnileg í sætisvasa. Frekar spurður greindi vitnið frá því að efnin hefðu verið í stórum plastpoka og þeim hefði mögulega verið pakkað í minni neysluskammtaumbúðir en vitnið kvaðst ekki muna það vel vegna þess tíma sem væri liðinn.

7.

Um 4. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [6], greindi meðal annars frá því að hafa ásamt öðrum lögreglumanni haft afskipti af ákærða í bifreið [...]. Undanfari þess hefði verið tilkynning sem barst frá öðrum lögreglumanni á frívakt um mögulegt fíkniefnamisferli. Sterk kannabislykt hefði verið í bifreiðinni og ákærði verið einn í henni sem ökumaður. Hann hefði ekki getað framvísað vegabréfi og grunur vaknað um ólöglega dvöl í landinu. Það hefði leitt til þess að ákærði var handtekinn og bifreiðin haldlögð og flutt á lögreglustöð. Þá hefðu fíkniefni fundist í sætisvasa í bifreiðinni en vitnið kvaðst aðspurður ekki muna hvernig þeim var pakkað í umbúðir.

8.

Um 5. ákærulið:

Vitnið A gaf skýrslu í fjarfundarbúnaði og greindi meðal annars frá því að hafa hitt mann seint að kvöldi til á þeim stað sem greinir í ákæru. Þeir hefðu ekkert þekkt og vitnið haft samband við manninn símleiðis áður. Vitnið kvaðst hafa keypt 2 g af kannabisefni af manninum og greitt fyrir það sex þúsund krónur í reiðufé. Lögregla hefði í framhaldi haft afskipti af vitninu og manninum.

9.

Um 5. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [7], staðfesti og gerði grein fyrir frumskýrslu. Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að lögregla hefði umræddan dag haft afskipti af ákærða í framhaldi af því að hann hefði selt ungum manni fíkniefni. Hinn síðarnefndi hefði greint frá því að hafa verið að kaupa fíkniefni af ákærða. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hann ræddi við ákærða en taldi það líklegt og að samskiptin hefðu líklega farið fram á ensku. Frekar spurður kvaðst vitnið ekki muna eftir hvar fíkniefnin fundust eða geta að öðru leyti tjáð sig um atvik með nákvæmni þar sem langur tími væri liðinn frá því að þau áttu sér stað.

10.

Um 5. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [8], staðfesti vettvangsskýrslu og greindi meðal annars frá því að hafa ásamt lögreglumanni nr. [7] verið við fíkniefnaeftirlit umræddan dag. Þeir hefðu orðið varir við ætlaða fíkniefnasölu [...] þar sem tveir menn hittust og réttu hvor öðrum eitthvað. Þetta hefði leitt til þess að höfð voru afskipti mönnunum. Annar þeirra, ákærði, hefði verið með 6.000 krónur í reiðufé á sér. Þá hefði hinn maðurinn verið með smáræði af kannabisefnum í fórum sínum. Hinn síðarnefndi hefði gengist við því að hafa verið að kaupa fíkniefni af ákærða og staðfest það með vettvangsskýrslu. Ákærði hefði verið handtekinn og færður á lögreglustöð og þar hefðu fundist fíkniefni á honum við leit.

11.

Um 6. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [9], staðfesti og gerði grein fyrir upplýsingaskýrslu um tilkynningarskyldu og ætlaða dvöl ákærða hér á landi. Vitnið kvaðst hafa komið að rannsókn málsins [...] 2022 í framhaldi af handtöku ákærða. Fram að þeim tíma hefði ákærði verið eftirlýstur vegna vanrækslu á tilkynningarskyldu. Gerði vitnið nánari grein fyrir því en um þau atriði vísast til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu. Lögregla hefði á þeim tíma sem um ræðir verið búin að birta honum ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun og tilkynningarskyldu. Ákærði hefði virst hafa látið sig hverfa þegar reynt var að hafa uppi á honum í framhaldi til að fylgja eftir fyrrgreindri ákvörðun um brottvísun. Lögregla hefði í upphafi árs 2022 talið að ákærði væri farinn af landi brott en annað hefði komið í ljós í [...] sama ár. Vitnið hefði tekið framburðarskýrslu af ákærða og hann gengist við því að hafa ekki yfirgefið landið í kjölfar ákvörðunar um brottvísun. Þá hefði hann ekki verið með vegabréf meðferðis og lögreglu ekki verið unnt að staðfesta dvalartíma og hvort hann hefði yfirgefið landið. Ákærði hefði borið því við að hafa týnt vegabréfinu eða verið ófús að upplýsa hvar það væri geymt. Ákærði hefði viðurkennt að hafa ekki sinnt tilkynningarskyldu frá því í [...] 2021 og [...] 2022 og hann hefði ekki

talið sig þurfa að sinna henni þar sem hann hefði verið búinn að kaupa sér flugmiða. Hann hefði á fyrri stigum framvísað hjá lögreglu flugmiða en í raun aldrei farið af landi brott. Ekkert hefði komið fram hjá ákærða við skýrslutöku í [...] 2022 um að hann hefði ekki skilið það sem fram fór né heldur að túlkaþjónustu hefði verið áfátt. Ákærða hefði samhliða verið kynnt ákvörðun um tilkynningarskyldu og hann sagst gera sér grein fyrir því til hvers væri ætlast af honum og hann talað um að hann hefði sinnt slíku áður.

12.

Um 7. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [10], staðfesti frumskýrslu og myndaskýrslu og greindi meðal annars frá því að hafa haft afskipti af ákærða. Sterk lykt af kannabis hefði verið af honum en hann hefði neitað því að vera með kannabisefni á sér. Þá hefði hann ekki getað framvísað vegabréfi. Ákærði hefði verið handtekinn og fluttur á lögreglustöð þar sem fíkniefni í 17 smelluláspokum fundust við leit á honum. Einnig hefðu við leitina fundist 120.500 krónur í reiðufé og farsími og tvö símkort. Vitnið hefði athugað með símanúmerin á Telegram-síðu þar sem seld voru fíkniefni og annað númeranna hefði passað við slíkar auglýsingar, sbr. myndaskýrslu. Ákærði hefði verið ótrúverðugur í samskiptum og ýmist sagst skilja eða ekki skilja það sem fram fór. Þá hefði hann gefið óskýrar upplýsingar um heimilisfang sitt.

13.

Um 7. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [11], kvaðst hafa tekið framburðarskýrslu af ákærða í framhaldi af því að hann var handtekinn [...] 2023. Túlkur hefði verið viðstaddur skýrslutökuna og ekkert hefði komið fram hjá ákærða um að hann skildi ekki túlkunina. Þá hefði ástand ákærða verið gott við skýrslutökuna. Vitnið staðfesti og gerði grein fyrir ljósmyndaskýrslu um skilaboð í haldlögðum farsíma sem var í fórum ákærða. Í símanum hefðu verið verið skilaboð sem pössuðu við fíkniefnasölu. Þar á meðal hefðu verið skilaboð um að hann hefði verið að kaupa mikið magn fíkniefna og kvaðst vitnið telja það samrýmast því að hann hefði verið að kaupa efni til að selja áfram til annarra. Ákærði hefði við skýrslutöku kannast við að vera notandi símanúmers í símanum sem passaði einnig við auglýsingu á sölusíðu fyrir fíkniefni. Ákærði hefði sagst eiga peninga sem fundust í fórum hans. Hann hefði sagst ekki hafa verið að stunda vinnu en fengið fjármunina senda frá ættingjum.

Um 1., 2., 3., 4., 5. og 7. ákærulið:

Vitni, lögreglumaður nr. [12], staðfesti yfirlitsskýrslu um rannsóknir mála varðandi ákærða. Þá staðfesti vitnið einnig ljósmyndaskýrslu með skýringum um haldlögð fíkniefni, farsíma, skilaboð í sínum og fleira. Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að meðal helstu niðurstaðna rannsóknar væri að ákærði hefði haft atvinnu af sölu fíkniefna hér á landi. Hann hefði komið hingað til lands gagngert til að selja og dreifa fíkniefnum og jafnan verið með fíkniefni, reiðufé og farsíma á sér við handtökur, sem lagt var hald á. Einnig hefði hann við skýrslutökur meðal annars gefið óskýrar og misvísandi skýringar á ferðum sínum og dvöl í landinu, meðferð fíkniefna og uppruna haldlagðra fjármuna. Þá hefðu símanúmer sem ákærði var með í fórum sínum samrýmst auglýsingum á Telegram um sölu fíkniefna. Þar hefði komið fram að auglýsandi með símanúmer sem passaði við síma ákærða væri að selja kannabis, amfetamín og MDMA. Einnig hefði ákærði verið með myndefni í fórum sínum sem samrýmdist myndefni í Telegram-auglýsingum. Ákærði hefði ekki lagt fram nein gögn sem studdu skýringar hans um uppruna fjármunanna, þ.e. að þeir hefðu borist til hans með löglegum hætti frá ættingjum [...]. Þá hefði hann einnig greint frá því að hafa verið að vinna svarta vinnu en ekki útskýrt það nánar. Hann hefði engin gögn lagt fram til að útskýra uppruna fjármunanna og því ekki verið tilefni til að rannsaka það frekar. Skýringar ákærða á uppruna fjármuna og ferðum og gjörðum hér á landi hefðu verið keimlíkar skýringum annarra [...] manna í öðrum málum af sama toga hjá lögreglu í gegnum tíðina. Ákærði hefði kannast við að eiga farsíma sem lagt var hald á, að minnsta kosti hvað varðaði síma sem lagt var hald á við leit á dvalarstað hans [...], sbr. 1. ákærulið. Ákærði hefði játað sölu og dreifingu fíkniefna og vörslur efna í þeim tilgangi þegar höfð voru afskipti af honum [...], sbr. 1. ákærulið. Hann hefði verið með aðra dvalarstaði síðar á því tímabili sem hann sætti rannsókn vegna svipaðra mála. Aðferðir hans við ætlaðar vörslur og sölu fíkniefna hefðu hins vegar jafnan verið af sama toga. Þá hefði sama tegund af töflum verið í fórum hans á [...] og nokkrum dögum síðar í [...], sbr. 1. og 2. ákærulið. Fíkniefnin hefðu verið í litlum skammtapokum og það hefði stutt grun lögreglu um sölu og dreifingu fíkniefna. Þá hefði magn efna sem fannst í fórum hans jafnan verið meira en samrýmdist eigin neyslu. Einnig hefði komið fram í skilaboðum frá ákærða að hann leitaði á tímabili eftir því að kaupa mikið magn fíkniefna af heildsala og það styddi einnig grun lögreglu um ætlaða smásölu ákærða á eignum. Þá hefði ekkert komið fram hjá ákærða á rannsóknarstigi um að hann skildi ekki túlk við skýrslutökur.

IV.

Niðurstöður:

1.

Almennt:

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Einnig metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

2.

Um 1. ákærulið:

Ákærði hefur játað skýlaust sök samkvæmt 1. ákærulið og er játningin studd sakargögnum. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

3.

Um 2. ákærulið:

Ákærði hefur játað vörslur fíkniefna samkvæmt 2. ákærulið en neitað því að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni. Fyrir liggur að fíkniefni sem lagt var hald á voru geymd á þáverandi dvalarstað hans á þeim tíma sem greinir í ákæru. Samkvæmt vætti lögreglumanna nr. [1] og [2] var fylgst gængert með húsnæði ákærða umræddan dag vegna framkominna upplýsinga um að þar færi fram fíkniefnasala. Samkvæmt vætti sömu lögreglumanna leitaðist ákærði við að koma sér undan afskiptum lögreglu með því að hlaupa frá staðnum og fela sig fyrir lögreglumönnum. Fyrrgreind atriði benda til sektar ákærða og magn haldlagðra fíkniefna er meira en getur samrýmst almennum neysluskömmum. Af myndefni í málsgögnum, sbr. efnaskýrslur og vætti lögreglumanns nr. [12], má ráða að haldlagðar MDMA-töflur, rauðar að lit, séu sömu gerðar og lagt var hald á fimm dögum áður [...], sbr. 1. ákærulið. Einnig liggur fyrir samkvæmt sama myndefni, sbr. efnaskýrslur og vætti lögreglumanns nr. [12], að haldlögð kannabisefni voru í átta smelluláspokum. Að því virtu samrýmist þökkun efnanna sölueiningum. Þessu til viðbótar liggur fyrir að í umrætt skipti var lagt hald á grammavog, þrjá farsíma og 135.000 krónur í reiðufé sem ákærði var með í fórum sínum. Allt framangreint styður mjög málatilbúnað ákærvaldsins um að ákærði hafi um nokkurt skeið fram að handtöku

umræddan dag lagt stund á fíkniefnasölu í ágóðaskyni, sem og að vörslur hans á efnunum umræddan dag skýrist fyrst og fremst af þeim ástæðum. Hið sama á við um myndefni í málgögnum af fíkniefnaauglýsingum þar sem birtast símanúmer sem samrýmast haldlögðum farsímum. Framburður ákærða fyrir dómi, sbr. framburð hans hjá lögreglu, hefur verið mjög ósennilegur og samrýmist illa framangreindum sakargögnum og vætti fyrrgreindra vitna. Ákærði hefur því verið afar ótrúverðugur fyrir dómi í framburði sínum og verður ekki byggt á skýringum hans um það hvað honum gekk til með vörslum efnanna. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi farið með vörslur fíkniefna og að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni, eins og greinir í 2. ákærulið. Brotið varðar fangelsisrefsingu, sbr. lið IV/10, og er sök hans því ófyrnd. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt 2. ákærulið og er það rétt fært til refsíákvæða í ákærinni.

4.

Um 3. ákærulið:

Ákærði hefur játað vörslur fíkniefna samkvæmt 3. ákærulið en neitað því að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni. Fyrir liggur að fíkniefni sem lagt var hald á voru í fórum ákærða á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru. Samkvæmt vætti lögreglumanns nr. [3] sást til ákærða og annars manns stuttu fyrir handtöku, eins og þar ætti sér stað afhending á fíkniefnum, auk þess sem reiðufé fannst á ákærða við handtöku. Magn haldlagðra fíkniefna, sbr. efnaskýrslu, er meira en getur samrýmst almennum neysluskömmtum, sbr. og vætti lögreglumanna nr. [3] og [12]. Samkvæmt myndefni í málgögnum, sbr. vætti fyrrgreindra lögreglumanna, voru fíkniefnin í fimm smelluláspokum. Að því virtu samrýmist pökkun efnanna sölueiningum. Þessu til viðbótar liggur fyrir að í umrætt skipti var lagt hald á farsíma og tvö símkort og 20.000 krónur í reiðufé. Allt framangreint styður mjög málalíbúnað ákæruvaldsins um að ákærði hafi um nokkurt skeið fram að handtöku umræddan dag lagt stund á fíkniefnasölu í ágóðaskyni, sem og að vörslur hans á efnunum umræddan dag skýrist fyrst og fremst af þeim ástæðum. Hið sama á við um myndefni í málgögnum af fíkniefnaauglýsingum þar sem birtast símanúmer sem samrýmast haldlögðum farsímum. Framburður ákærða fyrir dómi, sbr. framburð hans hjá lögreglu, hefur verið mjög ósennilegur og samrýmist illa framangreindum sakargögnum og vætti fyrrgreindra vitna. Hann hefur því verið afar ótrúverðugur fyrir dómi í framburði sínum og verður ekki byggt á skýringum um hvað honum gekk til með vörslum efnanna. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi farið með vörslur fíkniefna og að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni, eins og greinir í 3. ákærulið. Brotið varðar fangelsisrefsingu, sbr. lið IV/10, og er sök hans því ófyrnd. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt 3. ákærulið og er það rétt fært til refsíákvæða í ákærinni.

5.

Um 4. ákærulið:

Ákærði hefur játað vörslur fíkniefna samkvæmt 4. ákærulið en neitað því að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni. Fyrir liggur að fíkniefni sem lagt var hald á voru í fórum ákærða á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru. Samkvæmt vætti lögreglumanns nr. [4] sást til bifreiðar þar sem virtust eiga sér stað fíkniefnaviðskipti. Samkvæmt vætti lögreglumanna nr. [5] og [6] voru höfð afskipti af ákærða síðar sama dag þar sem hann var ökumaður sömu bifreiðar. Samkvæmt vætti hinna síðarnefndu lögreglumanna liggur fyrir að fíkniefnin fundust í bifreiðinni. Magn haldlagðra fíkniefna, sbr. efnaskýrslu, er meira en getur samrýmst almennum neysluskömmtum, sbr. og vætti lögreglumanns nr. [12]. Þá er ljóst af efnaskýrslu að efnunum var pakkað í 15 litla poka. Að því virtu samrýmist pökkun efnanna sölueiningum. Allt framangreint styður mjög málatilbúnað ákæruvaldsins um að ákærði hafi um nokkurt skeið fram að handtöku umræddan dag lagt stund á fíkniefnasölu í ágóðaskyni, sem og að vörslur hans á efnunum umræddan dag skýrist fyrst og fremst af þeim ástæðum. Framburður ákærða fyrir dómi, sbr. framburð hans hjá lögreglu, hefur verið mjög ósennilegur og samrýmist illa framan- greindum sakargögnum og vætti fyrrgreindra vitna. Að auki hefur hann verið óstöðugur í framburði þar sem hann kannaðist ekki við vörslur efnanna þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Hann hefur því verið afar ótrúverðugur fyrir dómi í framburði sínum og verður ekki byggt á skýringum um hvað honum gekk til með vörslum efnanna. Að öllu framan- greindu virtu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi farið með vörslur fíkniefna og að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni, eins og greinir í 4. ákærulið. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt fyrr- greindum ákærulið og er það rétt fært til refsíákvæða í ákærunni.

6.

Um 5. ákærulið:

Ákærði hefur játað vörslur fíkniefna samkvæmt 5. ákærulið en neitað því að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni. Fyrir liggur að fíkniefni sem lagt var hald á voru í fórum ákærða á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru. Samkvæmt vætti lögreglu- manna nr. [8] og [7] sást til ákærða þar sem hann seldi og afhenti öðrum manni fíkniefni stuttu áður en ákærði var handtekinn. Samkvæmt vætti sömu lögreglumanna var ákærði með 6.000 krónur í reiðufé á sér við handtöku, auk þess sem fyrrgreindur maður gekkst við því að hafa keypt kannabisefni af ákærða stuttu áður fyrir sömu fjárhæð. Í vætti fyrrgreinds meints kaupanda fyrir dómi, vitnisins A, kom hið sama fram. Magn hald- lagðra fíkniefna, einkum kannabisefna, sbr. efnaskýrslu, er meira en getur samrýmst almennum neysluskömmtum, sbr. og vætti lögreglumanns nr. [12]. Þá er ljóst af efnaskýrslu að kannabisefnunum var pakkað í átta litla poka. Að því virtu samrýmist

pökkun efnanna sölueiningum. Allt framangreint styður mjög málatilbúnað ákærvaldsins um að ákærði hafi um nokkurt skeið fram að handtöku umræddan dag lagt stund á fíkniefnasölu í ágóðaskyni, sem og að vörslur hans á efnunum umræddan dag skýrist fyrst og fremst af þeim ástæðum. Framburður ákærða fyrir dómi, sbr. framburð hans hjá lögreglu, hefur verið mjög ósennilegur og samrýmist illa framangreindum sakargögnum og vætti fyrrgreindra vitna. Hann hefur því verið afar ótrúverðugur fyrir dómi í framburði sínum og verður ekki byggt á skýringum um hvað honum gekk til með vörslum efnanna. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi farið með vörslur fíkniefna og að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni, eins og greinir í 5. ákærulið. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt fyrrgreindum ákærulið og er það rétt fært til refsíákvæða í ákærinni.

7.

Um 6. ákærulið:

Samkvæmt stjórnvaldsákvörðunum lögreglustjóra [...] 2021, [...] 2022 og [...] sama ár var ákærða gert að sæta tilkynningarskyldu á grundvelli útlendingalaga, eins og nánar greinir í 6. ákærulið. Ákvarðanir lögreglustjóra voru endanlegar og sæta ekki endurskoðun dómsins við úrlausn þessa máls. Málsgögn bera með sér að ákvarðanirnar voru birtar fyrir ákærða sömu daga og þær voru teknar. Af framburði ákærða fyrir dómi verður ráðið að hann kannist við að túlkur hafi verið viðstaddur birtingarnar. Varnir ákærða um þennan hluta málsins hverfast um að hann hafi ekki skilið umræddar ákvarðanir eða hvernig hann ætti að rækja skyldur sínar þar sem túlkþjónustu hafi verið áfátt. Fyrrgreindar ákvarðanir lögreglustjóra eru skýrar um það hvaða skyldur voru lagðar á ákærða. Ekkert kemur fram í málsgögnum um að ákærði hafi gert athugasemdir við túlkþjónustu á meðan mál hans voru til meðferðar hjá lögreglu, sbr. og vætti lögreglumanns nr. [9] um hið sama. Hið sama kom fram í vætti lögreglumanns nr. [11]. Þá kannaðist ákærði við það fyrir dómi að hafa að nokkru marki byrjað að sinna tilkynningarskyldu en hafa síðan hætt að sinna henni. Samkvæmt öllu framangreindu eru mótbáru ákærða haldlausar og að engu hafandi við úrlausn málsins. Samkvæmt vætti lögreglumanns nr. [9], sbr. upplýsingaskýrslu, hætti ákærði að sinna tilkynningarskyldu á tímabili frá [...] 2021 til [...] sama ár, þegar átta skipti voru eftir. Á tímabili frá [...] 2022 til [...] sama mánaðar sinnti hann tilkynningarskyldu aðeins í tvö skipti og þá sinnti hann aldrei tilkynningarskyldu á tímabili frá [...] 2022. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi brotið gegn tilkynningarskyldu samkvæmt lögum um útlendinga, eins og greinir í 6. ákærulið. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt þeim ákærulið og er það rétt fært til refsíákvæða í ákærinni.

8.

Um 7. ákærulið:

Ákærði hefur játað vörslur fíkniefna samkvæmt 7. ákærulið en neitað því að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni. Fyrir liggur að fíkniefni sem lagt var hald á voru í fórum ákærða á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru en þau fundust við leit á honum stuttu eftir handtöku. Samkvæmt vætti lögreglumanns nr. [10] var ákærði með 120.500 krónur í reiðufé á sér við handtöku. Hið sama kom fram í skýrslu ákærða fyrir dómi. Magn haldlagðra fíkniefna, sbr. efnaskýrslu, er mun meira en getur samrýmst almennum neysluskömmtum, sbr. og vætti lögreglumanns nr. [12]. Þá er ljóst af efnaskýrslu að efnunum var pakkað í 17 litla poka. Að því virtu samrýmist pökkun efnanna sölueiningum. Allt framangreint styður mjög málatilbúnað ákæruvaldsins um að ákærði hafi um nokkurt skeið fram að handtöku umræddan dag lagt stund á fíkniefnasölu í ágóðaskyni, sem og að vörslur hans á efnunum umræddan dag skýrist fyrst og fremst af þeim ástæðum. Hið sama á við um myndefni í málsgögnum af fíkniefnaauglýsingum þar sem birtast símanúmer sem samrýmast haldlögðum farsíma sem ákærði var með á sér við handtöku. Framburður ákærða fyrir dómi, sbr. framburð hans hjá lögreglu, hefur verið mjög ósennilegur og samrýmist illa framangreindum sakargögnum og vætti fyrrgreindra vitna. Hann hefur því verið afar ótrúverðugur fyrir dómi í framburði sínum og verður ekki byggt á skýringum um hvað honum gekk til með vörslum efnanna. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi farið með vörslur fíkniefna og að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni, eins og greinir í 7. ákærulið. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt fyrrgreindum ákærulið og er það rétt fært til refsíákvæða í ákærunni.

9.

Um 8. ákærulið:

Samkvæmt stjórnvaldsákvörðun Útlendingastofnunar [...] 2021 var ákærða gert að sæta brottvísun frá landinu og endurkomubanni. Ákvörðunin er skýr samkvæmt orðanna hljóðan. Þá er hún endanleg og sætir hún ekki endurskoðun dómsins við úrlausn þessa máls. Samkvæmt málsgögnum var ákvörðunin birt fyrir ákærða 2. janúar 2022 með aðstoð túlks. Ekkert kemur fram í málsgögnum um að ákærði hafi gert athugasemdir við túlkaþjónustu þegar honum var birt ákvörðunin. Framburður ákærða fyrir dómi um að hann hafi endurtekið komið og farið af landi innan 90 daga, að því marki sem honum var það unnt vegna ferðatakmarkana, er ekki studdur haldbærum gögnum. Þá samrýmast þær skýringar ekki ákvörðun og niðurstöðu Útlendingastofnunar. Loks hefur ákærði engin haldbær gögn lagt fram sem styðja það að hann hafi farið af landi brott í framhaldi af birtingu ákvörðunar Útlendingastofnunar. Framburður ákærða um hið gagnstæða er afar óskýr og ótrúverðugur og samrýmist ekki nægjanlega málsgögnum. Þá liggur fyrir að

lögregla hafði afskipti af honum hér á landi [...] 2022 og [...] 2023, sbr. 5. og 7. ákærulið. Að framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, telst lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði hafi dvalist hér á landi í heimildarleysi án dvalarleyfis á því tímabili sem greinir í 8. ákærulið. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt þeim ákærulið og er það rétt fært til refsíákvæða í ákærinni.

10.

Um refsingu:

Ákærði er fæddur [...]. Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki áður gerst brotlegur við refsilög hér á landi en að öðru leyti á hann sér engar málsbætur. Um ákvörðun refsingar fer samkvæmt 1. mgr. 77. gr. í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Að þessu virtu og með hliðsjón af magni fíkniefna og að þau voru ætluð til sölu og dreifingar í ágóðasyni verður ákærða gert að sæta fangelsi í sex mánuði. Skal refsingin bundin skilorði að hluta, eins og nánar greinir í dómsorði. Frá óskilorðsbundnum hluta refsingarinnar ber að draga með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist sem ákærði sætti undir rannsókn málsins, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, eins og greinir í dómsorði.

11.

Um upptökukröfur:

Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 verða gerð upptæk fíkniefni, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærvaldið krefst upptöku á 14 farsímum og grammavog sem lagt var hald á og ákærði hefur samþykkt upptökukröfuna. Miðað við það sem fram hefur komið við meðferð málsins liggur fyrir að símarnir og vogin tilheyrðu ákærða og bendir allt til þess að þessir munir hafi verið notaðir við meðferð og sölu og dreifingu fíkniefna. Að þessu virtu, og með vísan til 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, verður fallist á upptökukröfu ákærvaldsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði heldur uppi vörnum varðandi upptökukröfu á haldlögðum peningum. Ágreiningslaust er að umræddir fjármunir voru í fórum ákærða þegar lögregla hafði afskipti af honum. Fyrir liggur að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir endurteknar vörslur fíkniefna til sölundreifingar í ágóðaskyni, sbr. það sem áður greinir um niðurstöðu varðandi 1., 2., 3., 4., 5. og 7. ákærulið. Eru því löglíkur fyrir því að hinir haldlögðu fjármunir séu ágóði af fíkniefnabrotum en brot af þeim toga eru jafnan hagnaðardrifin og þáttur í viðvarandi brotastarfsemi. Þá hefur ákærði fyrir dómi að hluta kannast við að uppruni fjármunanna geti skýrst af fíkniefnasölu, sbr. 1. ákærulið. Ljóst er að ákærði ber sönnunarbyrðina um lögmætan uppruna fjármunanna, sbr. 4. mgr. 69. gr. b í almennum hegningarlögum.

Ákærði hefur engin gögn lagt fram sem gera sennilegt að fjármunanna hafi verið aflað með öðrum hætti en fíkniefnabrotum. Þá hefur framburður hans fyrir dómi í öllum aðalatriðum verið ósennilegur og ótrúverðugur, eins og áður greinir, og á það einnig við um skýringar hans á uppruna fjármunanna. Að öllu framangreindu virtu hefur ákærði ekki að neinu leyti sýnt fram á lögmætan uppruna hinna haldlögðu fjármuna. Verður því fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

12.

Um sakarkostnað og fleira:

Dæma ber ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, sbr. 233. og 235. gr. laga nr. 88/2008. Til þess kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gunnars Gíslasonar lögmanns, vegna vinnu fyrir dómi, sem þykja út frá eðli og umfangi máls hæfilega ákveðin 1.250.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þessu til viðbótar telst til sakarkostnaðar þóknun fyrri tilnefnds verjanda ákærða á rannsóknarstigi, Sigurgeirs Valssonar lögmanns, sem þykir út frá eðli og umfangi máls, hæfilega ákveðin 200.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Eliner Duro, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta ber fullnustu fimm mánaða af refsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Frá óskilorðsbundnum hluta refsingarinnar ber að draga með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða [...] 2023.

Ákærði sæti upptöku á 180,72 g af maríjúana, 13,06 g af amfetamíni, 0,97 g af kókaíni og 67 töflum af MDMA (efnaskrár 45931, 45949, 46015, 47367, 50458 og 50706).

Ákærði sæti upptöku á 14 farsímum (munaskrá 153152, 153501, 153260 og 172505), grammavog (munaskrá 153261) og 481.500 krónum (munaskrá 153151, 153259, 153502, 171293 og 172502).

Ákærði greiði samtals 1.450.000 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs og eru þar innifalin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gunnars Gíslasonar lögmanns, 1.250.000 krónur,

og þóknun tilnefnds verjanda ákærða á rannsóknarstigi, Sigurgeirs Valssonar lögmans,
200.000 krónur.

Daði Kristjánsson